

Fundur í skólaráði Víkurskóla 26. nóvember kl. 15:00

Mættir eru: Þorkell Ingimarsson, skólastjóri, Anna Birna Björnsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Guðný Guðjónsdóttir, fulltrúi foreldra, Elinóra Ósk Harðardóttir, fulltrúi foreldra, Jóhanna Gylfadóttir, fulltrúi kennara, Rima Feliksasdóttir, fulltrúi kennara, Jóhann Bragi Magnússon, fulltrúi nemenda og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, fulltrúi nemenda.

1-2. Þorkell leggur fram efni fundar og dreifir reglugerð um skólaráð og fer stuttlega yfir hana. Þorkell dreifir jafnframt almennum hluta skólanámsskrár, starfsáætlun, eineltis- og áfallaáætlun. Þorkell biður fundarmenn að fara yfir þessi gögn og skila athugasemdum til sín fyrir fræðslunefndarfund í desember.

3. Umræður um félagsmiðstöð.

Þorkell upplýsir um undirbúning og vinnu varðandi félagsmiðstöð. Leggur til að félagsmiðstöðin verði í Leikskálum. Rætt er um tvískiptingu aldurs í félagsmiðstöðinni.

4. Umræður um val á viðbótarfulltrúa í skólaráði.

Þorkell fer yfir reglugerðina varðandi val á viðbótarfulltrúa í skólaráð. Þorkell leggur til að annaðhvort þeirra hjóna Birgir Hinriksson eða Fjóla Gísladóttir verði valin í skólaráð sem fulltrúi grenndarsamfélags. Það er einróma samþykkt og Þorkeli falið að klára málið.

5. Önnur mál.

Þorkell fjallar um gerð skólanámsskrár og starfsáætlunar og uppfærslu á þessum gögnum. Eineltis- og áfallaáætlun eru viðbætur. Rætt er um hlutverk nemendaverndarráðs og hlutverk þess samkvæmt reglugerð. Elinóra spyr um hugmynd um gjafir á Litlu-jólunum og afhverju þetta sé tilkomið. Sumar gjafir eru mismunandi og geta valdið vonbrigðum. Skólastjóri tryggir að allir fái gjafir. Rima spyr um einkunnagjöf í bókstöfum til nemenda í 10. bekk. Þorkell segir að endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir í því máli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35